

Forsætisráðuneytið
 Ragnína Sigurðardóttir,
 sérfræðingur
 Stjórnarráðshúsinu v/Lækjargötu
 150 REYKJAVÍK

Garðabær, 04. mars 2019
 2019020018/42-0
 JGO/LÁ

Umsög Náttúrufræðistofnunar Íslands um hugsanleg kaup ríkisins á jörðinni Þverá - Brattland í Skaftárhreppi

Í bréfi frá forsætisráðuneytinu dagsett 7. febrúar 2019 er verið að leggja mat á hvort rétt sé að ganga til viðræðna um kaup á jörðinni Þverá - Brattland í Skaftárhreppi. Ráðuneytið leitast svára við þrem spurningum sem settar eru fram í bréfinu og er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hugsanleg kaup á jörðinni með vísan til þessara spurninga.

Spurningarnar sem settar eru fram eru:

1. Hefur jörðin eða jarðarhlutinn verndargildi og hversu rík er verndarþörfin?
2. Hvaða ríku almannahagsmunir standa til þess að jörðin eða jarðarhlutinn verði eign ríkisins?
3. Hverjar eru fjárhagslegir hagsmunir ríkisins?

Náttúrufræðistofnun hefur lagt mat útfrá fyrirbyggjandi gögnum stofnunarinnar um þessa jörð en telur sig ekki hafa forsendur til að svara þriðju spurningunni þ.e. um fjárhagslega hagsmuni ríkisins.

1. Hefur jörðin eða jarðarhlutinn verndargildi og hversu rík er verndarþörfin?

Á jörðinni eru ekki friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá. Hún er innan Kötlu jarðvangsins sem leggur áherslu á jarðminjavernd, fræðslu og sjálfbæra ferðamennsku. Náttúrufræðistofnun metur svæðið hafa frekar hátt verndargildi vegna Skaftáreldahraunsins (Eldhraunið), en þó sérstaklega vegna hraunhellana sem þar finnast. Þessi náttúruvirkibærir tilheyra sérstakri vernd skv. 61 gr. í lögum um náttúruvernd (60/2013). Full ástæða er til að friðlýsa hraunhellana enda viðkvæmir fyrir hvers konar raski og ágangi. Ef til væri válisti fyrir jarðminjar á Íslandi væru hraunhellar á Íslandi á honum því illa hefur verið gengið um þá og skortur er á skipulögðu eftirlit eða umsjón. Í hraunhellum má finna merkilegar en jafnframt viðkvæmar myndanir s.s. útfellingar, örverur, dropsteina og hraunstrá. Votlendi og nokkrir fossar eru innan jarðarinnar s.s. Hagatungnafoss, Bárðarfossar, Gvendarfoss og Lambhagafoss, en þessi náttúruvirkibærir njóta einnig sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Þar fyrir utan eru mikilvægt að vernda fyrir ágangi viðkvæmar



mosabreiðurnar (Mosahraunvist) sem þekja nútímahraunin í Skaftárhreppi.

Í Náttúruverndaráætlun 2004-2008 var tillaga Umhverfisstofnunar að vernda Skaftáreldahraunið í heild sinni sem eitt stærsta hraun sem runnið hefur á sögulegum tíma á jörðinni og vegna tengingu þess við sögu landsins.

2. Hvaða ríku almannahagsmunir standa til þess að jörðin eða jarðarhlutinn verði eign ríkisins?

Það eru almannahagsmunir að vernda náttúrufarslega og sögulega viðburði Íslandssögunnar eins og t.d. Skaftáreldagosið. Einnig er brýn þörf að vernda hraunhellana í landi Þverá – Brattlands fyrir hverskonar ágangi ferðamanna. Það væri æskilegt að gera í góðu samstarfi t.d. við Hellarannsóknarfélag Íslands, Kötlu jarðvang og jafnvel Vatnajökulsþjóðgarðs vegna tengsla við Lakagíga. Katla jarðvangur hefur sterk tengsl við samfélagið í Skaftárhreppi og getur stuðlað enn frekar að vitundarvakningu um vernd náttúru- og menningarminja. Þetta eru líka almannahagsmunir því að tækifæri skapast með vernd svæða, skipulagðri og sjálfbærri ferðmennska s.s. hellaskoðun.



Myndin sýnir náttúrufríbærir sem njóta sérstakrar verndar og er skjáskot af kortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://serstokvernd.ni.is/>). Þar má sjá Skaftáreldahraunið (Eldhraunið) (fjólublá svæði) og hraunhellasvæði þess (dökkar útlínur), fossa og votlendi (appelsínugul svæði).




Náttúrufræðistofnun Íslands mælir með því að ríkið kaupi jörðina Þverá - Brattland í Skaftárhreppi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

